

Sp. 16. Tillaga til þingsályktunar [11. mál]

um niðurgreiðslu á landbúnaðarvörum.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Ágúst Þorvaldsson, Vilhjálmur Hjálmarsson,
Páll Zóphóniasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að auka ekki niðurgreiðslur á aðalframleiðsluvörum landbúnaðarins nema hafa áður haft um það samráð við framleiðsluráð landbúnaðarins og taka fullt tillit til tillagna þess.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar er fram borin vegna þeirrar hættu, sem flutningsmönnum sýnist vera fyrir hendi, ef niðurgreiðslur væru auknar frá því, sem nú er á landbúnaðarvörum. Eins og nú er komið þróun þessara niðurgreiðslumála, þá er útsöluverð helztu landbúnaðarvara komið niður fyrir framleiðsluverð, t. d. á mjólk um 84 auro á mjólkurlíttra og á dillkakjöti um rúmar 4 kr. á kg, miðað við heildsöluverð. Eru vörur þessar nú þegar orðnar framleiðendum almennt dýrari til neyzlu en öðrum landsmönnum, og hinar miklu niðurgreiðslur hafa því skert tekjur bænda frá því, sem var gert ráð fyrir við verðlagningu á s. l. hausti. Þá hefur þessi þróun valdið stórfelldu misræmi á útsöluverði hinna ýmsu tegunda landbúnaðarvara. Það verður að teljast frá sjónarmiði framleiðenda mjög varhugavert, hve langt er gengið í tiltölulega einhliða niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum, er orðið getur landbúnaðinum hættulegt síðar, þegar að því kemur, að dregið yrði úr þeim að meira eða minna leyti, og þá torveldað söluna innanlands.

Þegar niðurgreiðslur voru stórkostlega auknar á s. l. vetri, voru þær m. a. rökstuddar með því, að neyzla niðurgreiðsluvaranna mundi mjög aukast. Allt bendir hins vegar til þess nú, að svo hafi ekki orðið.

Stjórn Stéttarsambands bænda og framleiðsluráð landbúnaðarins eru fulltrúar bænda í þessum málum, og fer þingsályktunartillaga þessi fram á, að ríkisstjórnin geri ekkert í verðlagsmálum landbúnaðarins öðruvísi en að taka fullt tillit til vilja þessara aðila.